



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa febrúar 2005

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 1.febrúar 2005

Fráveita Skeggjastaðahrepps

Teikn á Lofti verði falið að teikna og hanna nýja fráveitu og sjá um öll mál þar að hlítandi og skila tillögum til hreppsnefndar.

Sumarstarf hjá hreppnum.

Umræður um unglíngavinnu í sumar og leikjanámskeið fyrir yngri börnin.

Afleysingarmaður í sumarfríi starfsmanns hreppsins og vangaveltur um það sem á gera í sumar.

Bréf barst frá jöfnunarsjóði vegna útgjaldajöfnunarframlaga 2004.

Bréf barst frá Hérarðsnefns Múlasýslna vegna árgjalds héraðsnefndarinnar 9.393 kr.

Bréf barst frá Gunnólfi ehf. þar sem beðið er um leyfi til þess að leggja lög úr innri höfn að fiskverkun, 63mm sjólögn. Samþykkt var að gefa leyfi en gerðar verða kröfur um góðan frágang og skilað verði inn teikningum með GPS hnitum. Einnig þarf að heyra í byggingafultrúa.

Bréf barst frá Alexsöndru Chernyshova vegna beiðni um styrk vegna tónleika sem hún ætlar að halda á Bakkafirði í mars eða apríl. Samþykkt var að veita styrkinn og að bjóða íbúum sveitarfélagsins á tónleikana.

Fundur var haldinn 21. janúar sl. á slökkvistöð um samkomulag um sameiginlegan rekstur brunavarna sveitarfélagana Svalbarðshrepps, Þórshafnahrepps, Skeggjastaðahrepps og Vopnafjarðarhrepps. Drög að samkomulagi um brunavarnir tekin fyrir og samþykkt.

Kanna á lofaða stöðu á ljósastaurum inn að höfn, ýta á eftir málinu. Ákveðið var að senda vegagerðinni bréf og þingmönnum kjördæmisins afrit.

Bréf barst frá skólastjóra er varðar föstudagskennslu. Góð þáttaka hefur verið í viðbótartímana og þessu verður haldið áfram eins og þörf þykir.

Síðasti fundur sem að Frímánn Grímsson situr og kveðjum við hann með virktum og þökkum samstarfið.